

Re: Tímaröðun Torfnæs

Til : Arna Lára Jónsdóttir
Frá : Bragi Rúnar Axelsson <ba@formali.is>
Heiti : Re: Tímaröðun Torfnæs
Málsnúmer : 2024030029
Málsaðili : Ísafjarðarbær - Íþróttamannvirki
Skráð dags : 28.08.2024 00:00:00
Höfundur : Bragi Rúnar Axelsson <ba@formali.is>

Sæl.

Átti nú ekki von á öðru en svona kerfissvari. En hvað um það.

1) Það var ekki farið eftir reglunum að neinu leyti. Til dæmis var staðfest á fundinum að félög höfðu ekki sent inn tímaóskir fyrr en nokkrum dögum fyrr.

2) Starfsmaður tengdur félagi sá um úthlutun - sá starfsmaður er fyrrverandi stjórnarmaður og núverandi afleysingarpjálfari í einu félagi.

Þú veist alveg hvað ég á við - það er ákveðin óvild tiltekinna starfsmanna í minn garð, Gísli Jóns og fleiri þegar á reynir. Getur látið eins og þú kannist ekki við en við vitum bæði að svo er.

"Tímar á Torfnesi eru takmarkaðir og það vilja allir fá fleiri tíma, sem er skiljanlegt. "

Það áttu sig allir á þessu - en að eitt félag fái allt sem það vil á kostnað annarra er ekki í lagi.

Þetta mál mun hafa eftirmála fari þetta svona. Það eru kosningar eftir 2 ár og fari svo að íþróttafélag geti ekki haft sína starfsemi hér á svæðinu er það ekki falleg kynning.

Ísafjarðarbær getur ekki farið vel útúr því að eitt félag þurfi að gefa út fréttatilkynningar um að það verði að draga lið úr keppni því sveitarfélagið vilji ekki gera neitt fyrir það.

--

Með kveðju / Best regards,

Bragi R. Axelsson, lögmaður / attorney at law

Eigandi / Partner

Formáli ehf.

[Hafnarstræti 6, jarðhæð](#) / [Austurströnd 8, jarðhæð](#)

400 Ísafjörður - IS - Iceland / 170 Seltjarnarnes - IS - Iceland

ba@formali.is

Sími/tel +354 519 4848

www.formali.is

On Mon, Aug 19, 2024 at 11:29?M Arna Lára Jónsdóttir <arnalara@isafjordur.is> wrote:

Sæll Bragi

Eftir því sem mér best skilst þá er farið eftir reglum um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum í Ísafjarðarbæ.

Ekki átta ég mig nákvæmlega hvað þú ert að gefa í skyn með þessum orðum þínum um ákveðna aðila á bæjarskrifstofum. Ég get ekki séð annað en að starfsmenn Ísafjarðarbæjar hafi starfað af fagmennsku og komið með tillögur að tímaröðun sem endurspeglar sjónarmið sem flestra. Tímar á Torfnesi eru takmarkaðir og það vilja allir fá fleiri tíma, sem er skiljanlegt. Það er auðvitað ekki hægt að verða við öllum óskum.

Eins og þér er væntanlega kunnugt þá verður haldinn annar fundur á morgun þar sem farið verður yfir tímaröðun á Torfnesi.

Bestu kveðjur, Arna Lára

From: Bragi Rúnar Axelsson <ba@formali.is>
Sent: Monday, August 19, 2024 10:28 AM
To: Arna Lára Jónsdóttir <arnalara@isafjordur.is>
Subject: Tímaröðun Torfnes

Sæl bæjarstjóri.

Nú verður þú að beita þér til að þessi töfluröðun fari ekki fram með svona ómálefnalegum hætti.

Það er ekki hægt að hafa þetta þannig að gegn ákveðnum aðilum sé alltaf unnið á bæjarskrifstofum.

Bið þig að hlutast til um að þetta verði gert rétt.

--

Með kveðju / Best regards,

Bragi R. Axelsson, lögmaður / attorney at law

Eigandi / Partner

Formáli ehf.

[Hafnarstræti 6, jarðhæð](#) / [Austurströnd 8, jarðhæð](#)

400 Ísafjörður - IS - Iceland / 170 Seltjarnarnes - IS - Iceland

ba@formali.is

Sími/tel +354 519 4848

www.formali.is